

8. maí 2020

Endurskoðuð útgáfuáætlun Lánasjóðs sveitarfélaga 2020

Lánasjóður sveitarfélaga hefur frá áramótum gefið út skuldabréf að fjárhæð 9,0 milljarða að markaðsvirði. Fyrir liggur útgáfuáætlun sjóðsins sem hljóðar upp á 11-13 ma.kr. á fyrri helmingi ársins og 10-12 ma.kr. á seinni helmingi ársins eða alls 21 til 25 ma.kr. fyrir árið 2020.

Fjárþörf sveitarfélaga hefur aukist í ljósi aðstæðna og þeirra aðgerða sem þau munu grípa til á næstu mánuðum í tengslum við baráttuna gegn COVID-19 veirunni. Útgáfuáætlun sjóðsins er hér með **aukin um 5 ma.kr.** að markaðsvirði fyrir árið 2020 og verður sem hér segir:

| Áætlun 2020 | 1H | 2H | Alls |
|------------------------------------|-------|-------|-------|
| Útgáfa skuldabréfa að markaðsvirði | 13-15 | 12-15 | 25-30 |

Tölur eru í milljörðum ISK.

Áætlun þessi miðast við núverandi aðstæður á markaði. Verði breytingar á markaðsaðstæðum má reikna með að ofangreind áætlun geti breyst. Lánasjóður sveitarfélaga endurskoðar áætlanir sínar hálfárslega eða oftár ef þörf krefur.

Frekari upplýsingar veitir Örvar Þór Ólafsson s: 515-4947.